

Samráðsfundur

Dags: 9. Sept. 2008, kl. 9:00

Aðili: Framtíðarlandið

Fulltrúar: Hafdís Hanna Ægisdóttir, stjórnarmaður, Kjartan Rolf Árnason, fyrrv. stjórnarmaður

Tengiliðir: hafdishanna@gmail.com

Viðstaddir stjórnarmenn: Svanfríður Jónasdóttir, Anna Sverrisdóttir, Guðni Jóhannesson, Hjörleifur Kvaran, Elín R. Lindal, Þorsteinn Tómasson, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Helga Barðadóttir, Steinunn Fjöla Sigurðardóttir., Tómas Þór Tómasson.

1. Fagna því að nálgast verkefnisstjórn, telja gott starf á ferðinni og vilja hafa sem nánast samstarf. Buðu Framtíðarlandið fram sem álitsgjafa. Kynntu uppbyggingu félagsins en starfsemin teygir sig um allt land undir hatti eins landsfélags. Gefa sig helst að samfélags- og efnahagsmálum en í grunninn byggir félagið á náttúruvernd. Tiltóku sérstaklega málþing sem haldin hafa verið víða um land,
2. Settu fram þá skoðun á rammaáætlun að allt yllti á því hvernig niðurstaðan yrði notuð þegar að því kæmi; verður þetta bundið í lög eða verður þetta aðeins ráðgefandi þannig að víkja megi frá henni ef hún fer í bága við pólitískan vilja. Formaður skýrði að stefnt væri að því að niðurstaðan fengi formlega stöðu en á þessari stundu væri sú staða óviss. Niðurstaðan yrði í þó að öllum líkindum grundvöllur að þingmáli í ársbyrjun 2010.
3. Framtíðarlandið leggur til að hugað verði sérstaklega að eftirfarandi:
 - a) Telja ekki nægilegt vægi á landslagsþáttinn
 - b) Hafa áhyggjur af sjálfbærri nýtingu jarðvarmakerfa, að ekki verði gengið of nærri jarðhitnum og hugsað verði til komandi kynslóða
 - c) Huga vel að orkuöryggi.
 - d) Taka loftlagsmálefni inn sem matsþátt, þ.á.m. lyktarmengun, brennisteinsmengun, kolefnislosun. Stjórnin tók fram að slíkt yrði gert.
4. Spurt var hversu virkir einstakir undirhópar Framtíðarlandsins séu. Fulltrúar svöruðu:

Atvinnulífshópur er virkur

Náttúrufarshópur er virkur

Efnahagshópur hefur nýlega sent frá sér skýrslu,

Aðrir hópar eru minna virkir en stefnt að öflugra starfi með ráðningu frkvstj. (frá 1. ágúst)

Síðan hafa verið settir á fót einstakir hópar til að taka á ýsmum málum sem efst hafa verið á baugi hverju sinni.

Myndað hefur verið sérfræðingaráð sem koma að starfi hópanna, mest á einstakingsbasis.

5. Framtíðarlandið spurði hvort efnahags- og þjóðhagslegt mat einstakra framkvæmda væri matsþáttur. Formaður svaraði að slíkt væri of umfangsmikið en tæpt yrði á þessum þáttum á almennum nótum. Benti á yfirstandandi rannsókn RHA á samfélegum áhifum stórfamkvæmda á Austurlandi.